

**Nd.**

**916. Nefndarálit**

[279. mál]

um frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður telur að leggja beri áherslu á uppbyggingu orkufreks iðnaðar til að auka atvinnu og treysta undirstöður þjóðarbúsins. Slíkar stóriðjuframkvæmdir verður að undirbúa af kostgæfni svo að þær nýtist sem allra best. Einungis á grundvelli vandaðs undirbúnings er rétt að ganga frá eiginlegum efnisþáttum. — Eins og fram kemur í margvíslegum umsögnum um fyrirbyggjandi frumvarp er efnisundirbúningi mjög áfátt.

Undirritaður leggur því til að undirbúningi verði haldið áfram og hann falinn sérstakri undirbúningsstjórn. Er það reyndar í samræmi við hugmyndir sem fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks létu í ljós áhuga á auk mín þegar þessi mál voru til umfjöllunar í nefndinni í gær. Á hinn bóginn er fráleitt að taka afstöðu til ýmissa efnisatriða, eins og tillögur meiri hluta nefndarinnar gera nú ráð fyrir, fyrr en fyrir liggur niðurstaða af undirbúningsathugunum þeim sem allir virðast sammála um að nauðsynlegar séu. Þær athuganir eiga auðvitað að ráða úrslitum um hvernig haldið verður á efnisþáttum. Verður að teljast veruleg þversögn í því að ætla að afgreiða hin margbreytilegustu efnisatriði um framhald málsins meðan undirbúningur stendur enn yfir.

Á þingskjali 917 flytur undirritaður því breytingartillögur við breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar, og gera þær ráð fyrir kosningu sérstakrar undirbúningsstjórnar. Jafnframt geri ég þá ráð fyrir að samið verði nýtt frv. um kísilmálmverksmiðjuna á grundvelli starfs undirbúningsstjórnarinnar.

Ég legg áherslu á eftirfarandi:

- 1) Auka á orkufrekan iðnað í landinu.
- 2) Undirbúning slíkra verkefna verður að vanda en mikið skortir á það í þessu tilviki.
- 3) Af þessum sökum verður að vinna áfram að undirbúningi verksins.
- 4) Afstaða til einstakra efnisþátta verður að grundvallast á undirbúningsvinnu þeirri sem fram undan er.
- 5) Þess vegna er rétt að biða niðurstöðunnar úr starfi undirbúningsstjórnar áður en gengið er frá lagafrumvarpi um sjálfa starfrækslu verksmiðjunnar.

Alþingi, 4. maí 1982.

Magnús H. Magnússon,  
fundaskr.